

Óður 1935

Aukin þekk- ing á jarð- fræði Íslands.

Það eru orðin allmögur ár síðan eg fór að óska þess með sjálfum mér, að dr. Lauge Koch fengi áhúga á jarðfræði Íslands, og virtist heldur ekki óliklegt að svo mundi fara, þar sem sennilegt er, að landið hafi endur fyrir löngu verið umfatt við Grænland, og ýmislegt skylt í jarðfræði landanna. Eg hafði fundið, að jarðfræði Íslands er um sumar hluti mjög miklu merkilegri en haldið hafði verið, og mikil þörf á, að meiri áhugi yrði á að rannsaka landið en áður hafði verið. En um dr. Lauge Koch virtist mér nokkuð likt og Guðmundi hinum ríka um Skarphéðin, er hann kvaðst heldur vilja fylgi hans eins, en tiiu annara. Það er því engin furða þó að mér þætti það góð frétt að dr. L. K. ætlaði að fara að taka þátt í rannsókn landsins, og það á miklu stórkostlegri hátt en eg hafði nokkurntima gert mér vonir um að

verða mundi. Kom mér þá einnig í hug, að þessi nýung í rannsóknarsögu landsins gæti orðið til þess, að ýmsum þeim mönum, sem þess eru mjög maklegir, gæfist kostur á að vinna að íslenskri jarðfræði, viðtalsvert rýmri ástæður en áður. Vil eg þar nefna Jóhannes Áskelsson, sem þegar hefir sýnt sig mjög mikilsverðan mann fyrir rannsókn landsins, sakir garpskapar síns og áhuga, og einnig Jakob Lindal á Lækjamóti, er nú fyrir skömmu hefir gert nýjar athuganir norður þar, sem virðast vera stórmerkilegar og eigi býst við að meira fréttist um áður langt liður. Og þá er ekki litilsvert, að efnilegum ungum mönum eins og Guðmundi Kjartanssyni og Sigurði Þórarinssyni — svo að eg nefni aðeins þá sem mér eru nokkuð kunnugir — opnast þarna leið til fullkomnarara jarðfræðináms en nokkrum íslenskum námsmanni áður.

Eg hygg að viðu að miklar
hættur vofi yfir þjóð vorri,
jafnvel meiri en nokkru sinni-
áður; vér erum i röst aldaskift-
anna, og ef illa fer, hygg eg að
ekki mundi líða á löngu áður
íslenskri sögu yrði alveg lokið,
og þá með ósköpum. En eg fæ
ekki skilið, að framtíð þjóðar-
innar geti staðið nokkur háski
af því, að sá maður sem best er
treystandi til þess á öllum
Norðurlöndum, og jafnvel þó
viðar væri leitað, hefir tekið að
sér að hleypa meira fjöri í
rannsóknir á voru merkilega
landi en áður hefir verið. Mér
skildist á dr. L. K. sem hann
mundi ekki, þó að slíks væri
leitað, fáanlegur til að verja
meir en 3 árum til afskifta sinna
af jarðfræði Íslands, og er von-
andi að hann hafi rétt fyrir sér í
því, að sá skriður muni þá
kominn á, að hans þurfi þar
ekki framar við.

24./9.

Helgi Pjeturss.